

Sorpa b.s. Urðunarstaður Álfsnesi
Gufunesvegi
112 Reykjavík

Reykjavík, 5. september 2019
UST201901-139/S.M.
08.14.02

Reglubundið fyrra eftirlit með urðunarstað Sorpu bs.


Þann 12. júní sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Sorpu bs. í Álfsnesi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Ein ábending var gerð í eftirlitinu en tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að urða allt að 120.000 tonnum af úrgangi á ári. Árið 2018 voru urðuð 147.196 tonn.
2. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á skráningum til eftirlitsaðila eru ekki fullnægjandi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 26. september, 2019.

Virðingarfyllst


Sigríður Magnúsdóttir


Margrét Bragadóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur

EFTIRLITSSKÝRSLA

SORPA Álfsnesi Reykjavík



Dags eftirlits	12.6.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	SORPA Álfsnesi	Eftirlitsmaður	Margrét Bragadóttir
Heimili	Álfsnes	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5105881189	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Bjarni Gnýr Hjarðar	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	Eiður Guðmundsson	Staðsetning	366624,722 412355,277

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit komu fram tvö frávik er varða magn úrgangs og skil á skráningum. Staðfestar voru úrbætur vegna tveggja eldri frávikna er varða illa flokkaða úrgangshauga og girðingar við steinefnasvæði og telst frávikunum því lokið. Ein ábending var gerð er varðar uppfærslu á viðbragðsáætlun.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundið eftirlit ársins á urðunarstað Sorpu bs. í Álfsnesi. Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúum rekstraraðila í húsakynnum Sorpu í Álfsnesi og lauk með skoðunarferð um svæðið.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í starfsleyfi)
2. Skráningar (gr. 5.1)
3. Viðbragðsáætlun (gr. 2.4)
 - a. Tilkynningar vegna mengunaróhoppa
4. Tryggingar (gr. 2.11)
5. Síðasta eftirlitsskýrsla
6. Kvartanir vegna lyktamengunar
7. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
8. Skoðunarferð um svæðið

Á urðunarstaðnum í Álfsnesi er heimilt að urða allt að 120.000 tonn af úrgangi á ári. Magn úrgangs árið 2018 var 147.196,473 tonn. Það eru tæp 23% umfram það magn sem leyfilegt er að urða. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila ber honum að taka við öllum úrgangi frá þeim sveitafélögum sem standa að Sorpu bs. og því sé erfitt að halda magni úrgangs innan heimilda.

Farið var yfir niðurstöður skráninga, en skv. gr. 5.4 í starfsleyfi skal rekstraraðili senda niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Rekstraraðili hefur skilað inn skráningum fyrir tl. 1, 6 og 7 í gr. 5.1 er varða upplýsingar um úrgang sem tekið er á móti, rekstur hreinsimannvirkja og niðurstöður mælinga á magni og samsetningu sigvatns og grunnvatns. Skráningum vegna tl. 2-5 og 8-13 er varða úrgang sem hafnað er, stöðuna á urðunarstaðnum, sigmælingar, mengunaróhöpp, hauggas- og veðurfarsmælingar hefur ekki verið skilað.

Rætt var um verklag við móttöku úrgangs og sýndi rekstraraðili eftirlitsmönnum skráningar á upplýsingum varðandi þann úrgang sem tekið er á móti. Varðandi úrgang sem hafnað er til urðunar þá gerist slíkt afar sjaldan að sögn rekstraraðila þar sem úrgangur sem tekið er á móti í Álfsnesi hefur yfirleitt farið í gegnum móttökustöð og verið flokkaður. Ekki kom fram að sérstakt verklag væri varðandi það að hafna úrgangi. Varðandi stöðuna á urðunarstaðnum þá er nú urðað í einni urðunarrein og gert er ráð fyrir að með tilkomu gas- og jarðgerðarstöðvar sem nú er í byggingu muni verulega draga úr magni urðaðs úrgangs. Varðandi skil á niðurstöðum sigmælinga kom fram að sigmælingar væru hafnar en eftir væri að ljúka úrvinnslu gagna.

Farið var yfir mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim og nýjar leiðbeiningar Umhverfisstofnunar vegna tilkynninga um mengunaróhöpp kynntar, var rekstraraðila bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína með hliðsjón af leiðbeiningunum ef þörf er á. Rekstraraðili lagði fram viðbragðsáætlanir urðunarstaðarins og kynnti hvernig þjálfun starfsmanna væri háttað. Vel er staðið að viðbragðsáætlunum sem uppfærðar eru eftir þörfum og starfsmenn fá reglulega þjálfun í viðbrögðum við mengunaróhöppum. Fram kom að eitt mengunaróhöpp hefði orðið frá síðasta eftirliti þegar kviknaði í baggastæðu í urðunarreininni þann 15. janúar s.l. Eftir atburðinn hefur viðbragðsáætlun vegna elds verið uppfærð og æfing höfð með slökkviliði vegna viðbragða við eldi á urðunarstaðnum. Einnig kom fram að rekstraraðili væri með allar tryggingar í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Á fundinum var farið yfir niðurstöður síðustu eftirlitsskýrslu. Við síðasta eftirlit komu fram tvö ný frávik er varða illa flokkaða úrgangshauga á móttökusvæði fyrir steinefni sem og að móttökusvæði fyrir steinefni var ekki afgirt. Við eftirlit

nú voru úrbætur staðfestar, tekið hafði verið til á móttökusvæði fyrir steinefni og svæðið girt af. Þá er unnið að uppsetningu girðinga utan um athafnasvæðið.

Einnig var rætt um tilkynningar vegna lyktarmengunar og vörnum við lyktarmengun er háttað, en við eftirlit höfðu borist 19 tilkynningar um lyktarmengun til Umhverfisstofnunar þar af 12 helgina fyrir eftirlitið. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila eru reknar tvær veðurstöðvar á vegum fyrirtækisins, ein á urðunarstaðnum og önnur í Leirvogstungu. Til að sporna við lykt er haugurinn vökvaður með vatni/sjó og lyktareyðandi ensímum, vökvunarkerfið er sjálfvirkt og fer í gang í þeim vindáttum sem geta borið lyktarmengun í átt að íbúabyggð. Einnig er hugað vel að daglegum frágangi og í lok hverrar viku er haugurinn þakinn moldarlagi. Undanfarnar vikur hefur hefur verið heitt í veðri og þurr og viðvarandi innlögn seinnipart dags, enn þetta tvennt eykur möguleikann á að lyktarmengun berist frá staðnum. Til að bregðast við þessu hefur sjálfvirkni vökvunarkerfisins verið aftengd og er nú vökvað samfellt allan sólarhringinn, mest er notað af sjó til verksins.

Í eftirlitinu var kynnt áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða, en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að byggja tíðni vettvangsheimsóknna á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Áhættumat ársins 2019 verður notaður sem grunnur við gerð eftirlitsáætlunar 2020.

Að loknum fundi var farið í skoðunarferð um svæðið. Urðunarstaðurinn er snyrtilegur og vel skipulagður, unnið er að girðingavinnu. Urðunarreinin var skoðuð og farið yfir verklag við daglegan og vikulegan frágang og er hann í samræmi við ákvæði starfsleyfisins. Verið var að ná í sjó til vökvunar á haugnum og var vökvun einnig í gangi.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

gr. 1.2 í starfsleyfi

Heimilt er að urða allt að 120.000 tonn af úrgangi á ári. Árið 2018 voru urðuð 147.196 tonn.

gr. 5.4 í starfsleyfi

Rekstraraðili skal senda niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á skráningum til eftirlitsaðila eru ekki fullnægjandi.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að uppfæra viðbragðsáætlanir sínar með hliðsjón af leiðbeiningum vegna tilkynninga um mengunaráhöpp ef þörf er á.

ANNAÐ

Einnig var viðstaddur eftirlitið fyrir hönd Sorpu Ásbjörn Einarsson.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 05.09.2019

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir